



**Ræða**  
**forseta Íslands**  
**Ólafs Ragnars Grímssonar**  
**á fjölskylduhátíð í Ólafsvík**  
**í opinberri heimsókn til Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu**  
**3. október 2000**

Ágætu Snæfellingar  
Góðir samkomugestir

Það hefur svo sannarlega verið í senn fræðandi og skemmtilegt að fara um Snæfellsnesið í dag. Ég færi ykkur einlæggar þakkir fyrir hlýjar móttökur og þau góðu orð sem sögð hafa verið um embætti forseta Íslands.

Mér hefur verið það metnaðarmál að sækja heim byggðirnar til sjávar og sveita og fylgjast með framförum í atvinnuháttum, menntun og menningarstarfi um leið og heimsókn forseta eflir vonandi samhug og samheldni heimamanna og varpar ljósi á það sem vel er gert og forvitnilegt er fyrir landsmenn alla.

Öflugar byggðir og samfelld búseta um okkar stóra land hlúir að þeim rötum sem best hafa dugað þjóðinni í sviptivindum og ólgusjó breytinganna, þeirri umbyltingu lífshátta sem einkennt hefur undanfarna áratugi og mun án efa breyta fleiru á komandi öld en við getum sett okkur fyrir hugskotssjónir

Ég hef fundið það vel í ferð minni í dag hvernig þið kappkostið að varðveita þá eiginleika sem skapað hafa samhengið í íslenskri sögu allt frá landnáms tíð til okkar daga. Sagnaarfurinn frá árdögum Íslandsbyggðar sem á sér leikvöll hér á nesinu; frásagnir um ofurmátt Bárðar Snæfellsáss sem enn vakir yfir byggðinni, margbrotin og djúpvitur; lýsingin á lífsgöngu Snorra goða og samferðamanna hans í Eyrbyggja sögu; einstæðir landafundir Guðríðar Þorbjarnardóttur; rómantísk ástarsaga Víglundar og Ketilríðar í Víglundar sögu, og aðrar sögur gamlar og nýjar sem gerast hér og í nágrenni byggðum – allt er þetta ykkur svo ljóslifandi að það lá við að mér fyndist í frásögn ágætra förunauta fyrr í dag að allt

hefði þetta nánast gerst í gær og Skúli hefði skroppið með vinkonu sinni Guðríði til Grænlands og Vínlands hins góða og þaðan aftur til Íslands og svo til Rómar.

Guðríður Þorbjarnardóttir var víðförulasta manneska á sinni tíð, sú fyrsta sem bæði kom til Rómar og Ameríku og það hálfu árþúsundi á undan Kólumbusi sem duglegur var að eigna sér heiðurinn þótt Guðríður og hennar fólk væri í Vesturálfu löngu fyrr. Ég hef haldið því fram víða um heim á undanförmum árum að Guðríður Þorbjarnardóttir, sveitungi ykkar hér á Snæfellsnesi, sé fremsti kven-landkönnuður veraldar og allra tíma og hefur enginn enn getað hrakið þá nafngift og mun ekki geta.

Ég vil því hér í kvöld þegar hið merka hátíðarár helgað landafundum er senn á enda þakka ykkur Snæfellingum fyrir þá ræktarsemi sem þið hafið sýnt minningu Guðríðar Þorbjarnardóttur. Það var gaman að koma til ykkar fyrr í sumar og vera við afhjúpun minnisvarðans og fagna þegar sólin skein á styttna og fæðingarstaðinn.

Ég þakka ykkur nú fyrir hönd íslenskrar þjóðar og hvet ykkur eindregið til að halda áfram á sömu braut, að klæða hinna merku sögu Snæfellsness og Íslendinga í þann búning sem best hæfir fróðleik og kynningu fyrir góða gesti sem hingað koma á nýrri öld. Þessir forfeður ykkar og frændur eru ekki aðeins merkisfólk í okkar sögu heldur eiga þeir einnig sinn sess í heimssögunni.

Ég hef kynnst því vel á ferðum mínum Vestanhafs á þessu ári, bæði í Bandaríkjunum og Kanada, og reyndar einnig í Evrópu, að siglingar og landafundir forfeðra okkar, bókmenntir og sagnaarfur hefur hlotið einstaka kynningu. Hin vandaða víkingasýning sem opnuð var í Washington í vor og flytur um sess til New York síðar í þessum mánuði og mun raunar ferðast á næstu árum til margra helstu borga í Bandaríkjunum og Kanada; ótrúlega víðtæk umfjöllun í sjónvarpsstöðvum og víðlesnustu tímaritum og dagblöðum heims; sú athygli sem hin glæsilega sigling víkingaskipsins Íslendinga hefur hlotið; og veglegar útgáfur á Íslendinga sögum á ensku og nú einnig í auknu mæli á helstu þjóðtungum á meginlandi Evrópu – allt vekur þetta athygli umheimsins á þeim sagnagrundum sem hér má feta og því fólki sem hér óx úr grasi en hleypti heimdraganum, sigraði úthöf og fann nýjan heim.

Nú er lag til að flétta saman menningararfinn sem okkur hefur dýrmætastur verið og uppbyggingu þeirrar atvinnugreinar, ferðaþjónustunnar sem margir telja að verði mesta vaxtargrein á nýrri öld, grundvöllur nýrra starfa og tekjuauka, einkum fyrir þær dreifðu byggðir sem áður fyrr bjuggu að einhæfum atvinnugreinum.

Hér á Snæfellsnesi hefur á undanförunum árum verið haldið inn á nýjar brautir í þessum efnunum. Sú framtíðarsýn á þróun ferðaþjónustunnar og mikilvægi þess að laga hana að hljómfalli náttúru og umhverfis, heilbrigðis og manngildis sem hér hefur verið áberandi er nú sem betur fer að hljóta almenna viðurkenningu. Og þó stundum hafi verið á brattann að sækja í þeim efnunum eru þeir nú margir sem vilja taka undir með ykkur og kveða þá Lilju.

Ég óska frumkvöðlunum og hugsjónafólkinu á Brekkubæ á Hellnum til hamingju með umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs sem þau hlutu í síðustu viku og vona að sem flestir kynni sér vel þá metnaðarfullu umhverfisstefnu sem þar hefur ráðið för.

Ég fagna líka nýlegu framtaki Framfarafélags Snæfellsbæjar að kynna hugmyndir um þjóðgarð og græna ferðaþjónustu í samræmi við þau alþjóðlegu markmið sem best eru talin í veröldinni. Aðeins með því að vera í fremstu röð á þessu sviði sýnum við Íslendingar hinni einstæðu náttúru landsins þá virðingu og ræktarsemi sem henni ber. Hér hafið þið Snæfellingar svo sannarlega sýnt öðrum hvernig markviss samleikur hugsjóna, skipulags og áræðni getur skilað heimabyggðum heilladrjúgum ávinningi.

Vissulega er af nógu að taka hér á Snæfellsnesi því skapari himins og jarðar virðist hafa verið í góðu skapi og sérstaklega örlátur á fegurð og fjölbreytni þegar hann gekk til þeirra verka sem frá er greint í Biblíunni. Dulúð og tign Jökulsins, eldfjöll af ólíkum toga, hraunbreiður, víkur og vogar, firðir, heiðar og fjallgarðar, litirnir eins og meistaraverk málaranna og ásýnd lands og eyja, himins og hafs aldrei söm frá einni dagstund til annarrar.

Það er mikil gæfa að búa í slíkum undraheimi, getað notið hans á hverjum degi og gert úr honum efnivið til atvinnu og tekjuauka á nýrri tíð.

Snæfellingar hafa löngum verið í fararbroddi. Það sýnir glöggst sú merka saga sjávarútvegs og fiskvinnslu sem hér er varðveitt víða um Nesið og svo sannarlega birtist skýrt í heimsókn minni. Og má raunar rekja þá útgerðarsögu allt aftur í Bárðar sögu Snæfellsáss þar sem segir: "Miklir voru í þann tíma fiskiróðrar á Snjófellsnesi," og vísuna sem Hetta tröllkona kvað fyrir Ingjald á Hvoli og launaði honum það að hún hafði drepið fyrir honum margt fé:

Róa skaltu fjall Firða  
fram á lög stirðan,  
þar mun gaur glitta,  
ef þú vilt Grímsmið hitta.

Þau voru skemmtilega áhugasöm nemendur Grunnskólans hér í Ólafsvík sem kynntu mér sýningu sína á nytjafiskum fyrr í dag þegar komið var á Fiskmarkað Breiðafjarðar. Þau eru greinilega verðugir arftakar þeirra miklu sjósóknara sem fyrrum gerðu Snæfellsnes að kjörsvæði til útgerðar og fiskvinnslu.

Hellissandur og Rif, Ólafsvík og Grundarfjörður eiga sér virðingarsess í útgerðarsögu Íslendinga, ekki síst þegar lýst er framförum á fyrri tíð og þeim nýjungum sem við njótum á okkar dögum. Verstöðvarnar Sandur og Keflavík á Hellissandi, Brekknavör, Hallsbæjarvör og hin friðlýsta Keflavíkurvör minna okkur á hið mikla útræði á fyrri öldum enda er talið að á Hellissandi hafi fyrir þremur öldum verið um sextíu sjóbúðir og var Reykjavík þá varla orðin til sem þorp eða bær. Á morgun mun ég heimsækja á Grundarfirði eitt nýjasta fyrirtækið í þjónustu við fiskvinnslu og útgerð okkar Íslendinga. Þannig sést að þið heimamenn hafið svo sannarlega hagað dagskrá forsetans á þann veg að minna ekki aðeins á forna frægð sægarpa á Snæfellsnesi heldur sýna um leið hvernig framfarahugur er hér enn að umskapa atvinnulíf í takt við nýjan tíma.

Það sýnir vel atorku og einbeitni ykkar Snæfellinga, samkennd og sóknarhug, að þótt á ýmsu hafi gengið í skipulagi og rekstri útgerðar og fiskvinnslu á undanförunum áratugum þá standa byggðirnar allar, Hellissandur, Ólafsvík, Rif og Grundarfjörður, traustum fótum þegar horft er til þeirra tækifæra sem nýir tímar færa okkur Íslendingum.

Ég hef í dag fundið þennan sóknarhug hjá ykkur heimamönnum og sérstaklega hefur mér þótt vænt um að kynnast hve vel er búið að æskunni hér, hve duglegir og opnir, ríkir að hæfileikum og bjartsýni nemendurnir eru í hinum ágætu skólum sem ég hef heimsótt. Flutningur þeirra í tali og tónum, sýningar á verkum og vinnu á mörgum sviðum, samræður, álit og áherslur hafa svo sannarlega verið góður vitnisburður um að hér er enn að alast upp á Snæfellsnesi kjarnafólk, arftakar þeirra kappa og kvenskörungna sem skapað hafa Snæfellingum sérstakan virðingarsess í hugum þjóðarinnar.

Það er í raun merkilegt hvað mannlíf og náttúra hafa skapað hér heilsteypta mynd. Þann þráð má rekja aftur til sögu Bárðar Snæfellsáss þar sem sýnt er með sterkum litum og skýrum andstæðum hvernig menn og vættir veita náttúrunni svip og heiti.

Þeir blótuðu guðum í Tröllakirkju, hrópuðu í kapp við bergmálið í Sönghellinum, böðuðu sig í Bárðarlaug og komu svo í Gróarhelli þar sem Gróa sat og sagðist ekki lengur nenna að búa með bróður Bárðar sakir skapsmuna sinna. Hér er náttúran í reynd aðalpersóna sögunnar, menn og tröll eins og birtingarmyndir þeirra fjölbreyttu eiginleika sem í henni búa.

Mannlífið undir Jökli hefur löngum haft á sér sérstakan blæ og fólkið hér ekki alltaf farið alfaraslóð heldur sínar eigin leiðir í lífsbaráttunni sem oft er hörð. Kannski hafið þið verið mótuð af dulúð og tign hins mikla fjalls, Snæfellsjökuls sem oft blasir við frá Bessastöðum fagur í fjarska eins og helgimynd. Og þá er auðvelt að skilja það dulmagn sem margir vilja eigna jöklinum.

Enginn hefur lýst þessu betur en Halldór Laxness í hinni mögnuðu bók um séra Jón og kristnihaldið hér um slóðir en þar segir svo:

„Þessi jökull er aldrei einsog vanalegt fjall. Sem fyrr segir er þetta aðeins búnga og nær ekki æði hátt uppí loftið. Það er einsog þetta fjall hafi aungva skoðun. Það heldur aungvu fram. Það vill aungvu troða uppá neinn. Aldrei ætlar það oní mann. Vel bergklifrandi menn koma hingað rակleitt til að gánga fjallið af því það er eitt af frægustu fjöllum heimsins, og þegar þeir sjá það, spyrja þeir: er þetta þá allt og sumt; og nenna ekki upp.“

„Oft heyrist um ófreska menn að sál þeirra fari úr líkamanum. Það kemur ekki fyrir jökulinn. En næst þegar manni verður litið til, þá hefur líkaminn farið úr jöklinum og ekkert eftir nema sálin íklædd lofti.“

Það er sálin sem skáldið lýsir sem þið varðveitið svo sannarlega í ykkur sjálfum, heimafólk við jökulrætur.

Ég vona, ágætu Snæfellingar, að sú sérstaða sem náttúran og sagan veitir ykkur haldi áfram að vera uppspretta ánægju og framfara, nýrrar sýnar á okkur sjálf og ferskar leiðir í framfarasókn Íslendinga.

Ég þakka ykkur fyrir góðar móttökur hér í dag, vináttu og hlýjan hug og óska ykkur allra heilla um ókomin ár.